

Ed.

507. Nefndarálit

[259. mál]

um frv. til laga um skattkerfisbreytingu.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Eins og kunnugt er, fluttu þingmenn Alþýðuflokksins á s. l. hausti till. til þál., þar sem mörkuð var ný stefna í íslenskum skattamálum. Þetta var talið nauðsynlegt vegna skattalaga hæstv. ríkisstj., sem reynslan sýndi, að höfðu i för með sér svo háa skatta, að þeir voru beinlínis hemill á vilja almennings til vinnu.

Miklar umræður hafa átt sér stað um slíka kerfisbreytingu, eins og hún var sett fram af þingmönnum Alþýðuflokksins, en meginefni þessarar breytingar var veruleg lækkun beinna skatta á almennar launatekjur, en þess í stað gengið út frá því, að nauðsynlegt væri að jafna tekjutap ríkissjóðs með hækkun á söluskatti. Auk þessa var svo ákvæði um að mynda sérstakan sjóð, er yrði ráðstafað í þágu þeirra einstaklinga, er ekki höfðu borið beina skatta áður, en yrðu nú að taka á sig einhverja hækkun á vöru og þjónustu vegna hækkunar á söluskatti. Þessir einstaklingar ættu því að standa jafnt að vígi eftir skattkerfisbreytinguna.

Augljóst er, að vegna geysilegra verðbólguinkenna hér á Íslandi í dag er höfuðnauðsyn, að hækkun á söluskatti sé í algjöru lágmarki, og getum við þingmenn Alþýðuflokksins því ekki samþykkt hærri söluskatt en sjálf kerfisbreytingin heimtar til þess að mæta lækkun tekjuskatts um 2 700 millj. kr. Hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunarinnar metur 1 stig í söluskatti á árinu 1974 jafngilda 800 millj. kr., og því er augljóst að  $3\frac{1}{2}$  — þrjú og hálf stig — til hækkunar munu nægja á móti umræddri skattalækkun. Það er athyglisverð staðreynd, að í neðri deild var samþykkt að heimila ríkisstjórninni að lækka fjárlög allt að 1 500 millj. kr. og sjálfur forsætisráðherra, ásamt öðrum þingmanni Framsóknarflokksins, studdi stjórnarandstöðuna í þessari atkvæðagreiðslu. Þegar þetta er haft í huga, er enn ljósara, að engin ástæða er til að berjast vonlausri baráttu fyrir hærri söluskatti en  $3\frac{1}{2}$  — þremur og hálfu stigi.

Um nánari afstöðu þingmanna Alþýðuflokksins vil ég vitna í nefndaráliti á þskj. 478 frá neðri deild, en þar gerir fulltrúi flokksins skýra grein fyrir málinu í heild. Undirritaður vill þó áréttta, að hann getur staðið að tillögu um  $3\frac{1}{2}$ % söluskattauka við frv. í núverandi mynd og tryggja með því, að ríkissjóður fái nauðsynlegar tekjur á móti skattkerfisbreytingunni.

Alþingi, 15. mars 1974.

Jón Árm. Héðinsson.